

Mál nr. 490/2025

Nafn málskotsaðila M

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ferðatrygging.

Váttryggingaáttburður Sönnun. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 30. desember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 6. febrúar 2026, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. mars 2026, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum þannig lýst að 24. september 2022 hafi M orðið fyrir slysi er hann var staddur í Munich í Þýskalandi. Hafi M hlotið höfuðhögg og endað á spítala þar í borg. Um tveimur vikum eftir slysið hafi M fengið heilablóðfall sem í kjölfarið hafi verið greint af heila- og taugaskurðlækni á Landspítalanum árið 2023. Í kjölfar framangreindra atburða hafi M farið að finna fyrir ýmsum einkennum sem hafi haft viðvarandi og alvarleg áhrif á heilsufar hans, þ.m.t. svima, skertu jafnvægissskyni, erfiðleikum með sjón, höfuðverkjum, minnistrufunum, kvíða og vöðvakrampa. Vegna þessa hafi M leitað til heimilislæknis 19. maí 2025 (á líklega að vera 20. maí) sem hafi talið yfirgnæfandi líkur á að umrædd einkenni væru bein afleiðing heilablóðfallsins og jafnframt höfuðhöggsins. Er tekið fram í málskotinu að M hafði aldrei fengið slíkt álit áður og að fengnum þessum upplýsingum hafi verið ákveðið að tilkynna slysið til V. Hafi sú tilkynning verið send 13. júní 2025, þ.e. eins fljótt og unnt var eftir að M fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans yrði reist á. M hafi verið með kortatryggingu (ferðatryggingu) hjá V. V hafi hafnað bótaskyldu úr tryggingunni með tölvupósti 19. júní 2025 á grundvelli þess að atvikið félli ekki undir 4. gr. skilmálanna, þ.e. að slysið hefði ekki leitt til varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi. V hafi svo sent M tölvupóst 3. júlí 2025 þar sem tekið var fram að í fyrri pósti hafi gleymst að segja að tilkynningarfrestur væri líklega liðinn vegna atviksins, auk þess sem að varanleg örorka undir 16% yrði ekki bætt. M vill ekki una við afstöðu V.

Til stuðnings kröfu sinni um bótarétt úr tryggingunni bendir M á eftirfarandi. Í fyrsta lagi telur M með vísan til 1. og 2. mgr. 31. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga að V hafi glatað rétti til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun vegna tilkynningarfrestsins, enda hafi V verið fullkunnugt um atvik málsins og beri eitt ábyrgð á drætti vegna eigin gleymsku. M byggir einnig á því að tilkynningarfrestur hafi ekki verið liðinn þegar tilkynning hafi borist V 13. júní 2025. Þvert á móti telur M að þá hafi tilkynningarfrestur verið nýbyrjaður að liða, enda komi skýrt fram í tjónstilkynningunni að M hafi fyrst fengið staðfestingu á afleiðingum slyssins með staðfestingu heimilislæknis 19. maí 2025. Höfuðhögg og heilablóðföll þurfa ekki endilega að leiða til varanlegrar örorku, sumir nái fullum bata á meðan aðrir gætu glímt við varanlegar afleiðingar. M byggir einnig á því að eftirfarandi skilyrði 4. gr. skilmálans verði talið uppfyllt ef niðurstaða matsmanna leiði til þess að slysið hafi leitt til varanlegrar örorku M: „*bætur samkvæmt a- og b-lið 3. gr. greiðist einungis ef slysið leiðir til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi*“ Telur M að framangreint orðalag bendi ekki til þess að skilyrði sé sett um að orsakatengsl og afleiðing séu staðfest innan umrædds tímamarks. Þvert á móti segi orðrétt að bætur greiðist ef „*slysið leiðir til varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi*“. Einkenni M hafi sprottið fram innan þessara tímamarka og valdið skerðingu á tekjuöflunarfærni, þrátt fyrir að orsakatengsl og afleiðing hafi síðar verið staðfest af heimilislækni 19. maí 2025. Ef V leggi annan skilning í framangreint ákvæði skilmálanna, M í óhag, vísar M til andskýringarreglunnar og telur að V verði að bera hallann af óljósum ákvæðum skilmálanna sem það hafi samið einhliða. Þá er bent á að varanleg örorka M af völdum slyssins hafi ekki verið metin en afleiðingar slyssins og skert tekjuöflunarfærni hans hafa verið staðfestar af læknum. Til viðbótar telur M með vísan í orðalag b-liðar 3. gr. skilmálans að tryggingin bæti alla varanlega örorku sem hlýst af slysi á ferðalagi, en ekki bara varanlega örorku að lágmarki 16%. Óskar M eftir því að nefndin ákveði með úrskurði hvort orðalag b-liðar 3. gr. skilmálans beri að skilja svo að tryggingin bæti alla varanlega örorku sem hlýst af slysi á ferðalagi eða einungis varanlega örorku að lágmarki 16%. Ef nefndin telur að ekki beri að skilja framangreint ákvæði á þann veg að það taki einnig til varanlegrar örorku undir 16%, er óskað eftir því

til vara að nefndin ákveði með úrskurði hvort V hafi glatað rétti til að bera fyrir sig slíka ábyrgðartakmörkun þegar það bar hana fyrir sig með tölvupósti þann 3. júlí 2025. Að lokum og í ljósi alls framangreinds, fer M fram á að nefndin úrskurði hvort umrætt tjónsatvik M sé tryggt með ferðatryggingu hjá V vegna frítímaslyss erlendis, sbr. skilmála sem giltu um þá tryggingu. M telur að tjónsatvikið falli undir trygginguna hjá V og að hann sé því tryggður samkvæmt skilmálum hennar. Umrætt slys hafi leitt til varanlegrar skerðingar á tekjuöflunarferni hans innan þeirra tímamarka sem um sé kveðið í 4. gr. skilmálanna. Þá hafi tjónið jafnframt verið tilkynnt eins fljótt og unnt var eftir að M fékk vitneskju um atvik þau sem krafa hans verður reist á, og innan þess frests sem mælt er fyrir um í a-lið 33. gr. skilmálanna.

Í athugasemdum V til nefndarinnar er bótarétti M hafnað. Tekið er fram að V skilji málskot M þannig að verið sé að gera kröfu í ferðaslysatryggingarþátt kortatryggingar hjá V en um þá tryggingu gildi nánar tilgreindir skilmálar. Hafi V hafnað bótaskyldu úr tryggingunni með tölvupóstum, dags. 19. júní 2025, 3. júlí 2025 og 3. desember 2025. Í tölvupósti V, dags. 19. júní 2025, sé bótaskyldu hafnað með vísan til ákvæðis í skilmála tryggingarinnar sem áskilji að varanleg örorka hafi verið komin fram innan 24 mánaða frá slysdegi. Þá hafi komi fram tölvupósti V, dags. 3. júlí 2025, þ.e. tveimur vikum eftir fyrsta tölvupóstinn, að V telji líklegt að tilkynningarfrestur vegna atviksins hafi verið liðinn þegar tilkynning barst félaginu. Jafnframt hafi komið þar fram að til þess að geta betur skoðað hvort málið falli undir trygginguna eða ekki biðji V um gögn varðandi höfuðhöggið sem og gögn vegna heilablæðingarinnar. Þá var óskað eftir upplýsingum um hvort slysið hafi verið skráð í tryggingu hjá öðru félagi. Í tölvupósti V, dags. 3. desember 2025, sem sendur hafi verið eftir beiðni lögmanns M um endurskoðun á fyrri afstöðu, en með beiðninni hafi fylgt frekari gögn, þ.e. læknisvottorð og sjúkraskrá málskotsaðila, komi fram að afstaða V sé óbreytt. Þá tekur V fram að í málinu liggi fyrir umboð til lögmanns M, dagsett í febrúar 2025, þar sem M veitir lögmanni sínum umboð vegna heilablæðingar í janúar 2023 og veikinda í framhaldi. Ekkert sé þar minnst á höfuðhögg 24. september 2022. Hvað nánar varði hið tilkynnta slys þá telur V að bæði atvik og orsakatengsl sé ósönnuð. Í því sambandi er bent á að tjónstilkynning vegna málsins sé dagsett 13. júní 2025 en þá hafi verið tilkynnt slys í München þann 24. september 2022. Komi fram í tilkynningunni að strax við höfuðhögg hafi verið leitað til læknis og aftur þegar M hafi verið kominn heim, sirka 2 vikum síðar við heilablóðfall. Þá komi fram í athugasemdum í tilkynningu um slys að heimilislæknir telji í maí 2025 yfirgnæfandi líkur á því að orsök heilablóðfalls og einkenna sem lýst er í tjónstilkynningu væri höfuðhöggið erlendis. Í tilkynningu um slys eða veikindi erlendis til V, dags. 13. júní 2025, sem undirrituð er af lögmanni tjónþola, kemur eftirfarandi lýsing fram á tildrögum slyssins: „Fékk höfuðhögg í Munich, endaði á spítala þar í borg. Fékk heilablóðfall í kjölfarið, glímir við skert jafnvægissskyn, erfiðleikar með sjón, fær höfuðverki og svima. Fékk greiningu 2023 hjá [...] heila- og taugaskurðlækni á Landspítala í [F]ossvogi.“ Í athugasemdum við tjónstilkynninguna komi jafnframt fram: „Fór til heimilislæknis 19. maí 2025. Afleiðingar slyssins komu til skoðunar og lýsti tjónþoli einkennum: m.a. svimi, höfuðverkur, minnistrufnanir, kvíði og vöðvakrampar. Heimilislæknis taldi yfirgnæfandi líkur á að orsök heilablóðfalls og framangreindra eink. væri höfuðhöggið erlendis. Hefur ekki fengið slíkt álit áður. Einkenni verið breytileg. Aðfengnum slíkum uppl. er tilkynnt.“ V bendir á að í 3. gr. umræddra skilmála sé að finna eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu slys: „...Slys“ merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á vátryggðum og gerist án vilja hans.“ Tekur V fram að M virðist einn til frásagnar um hið tilkynnta atvik en í tilkynningum til félagsins og gögnum málsins komi hvergi fram með hvaða hætti það hafi atvikast að hann hafi orðið fyrir meintum höfuðáverka. Þá liggi engin gögn fyrir um kostnað sem M kunni að hafa orðið fyrir vegna hins meinta slyss í Þýskalandi eða sjúkrahúsvistina, t.d. kvittanir eða útskrift úr sjúkraskrá vegna innlagnar eða samskipti við Sjúkratryggingar Íslands vegna slyss erlendis. V telur því að hvorki í tilkynningunni né öðrum gögnum í málinu sé að finna lýsingu á þeim atvikum sem urðu til þess að M varð fyrir höfuðhöggi. Þá liggi engin samtímagögn fyrir um atvikið, áverka, læknismeðferð, rannsóknir eða greiningar sem gerðar voru. Það sé því það afstaða V að hinn meinti slysaatburður sé með öllu ósannaður sem og þeir áverkar sem M kveðst hafa orðið fyrir umrætt sinn. Jafnframt er vísað til þess að V geti ekki tekið afstöðu til bótaskyldu ef ekki sé sýnt fram á að atvik uppfylli grunnskilyrði tryggingarinnar um bótaskyldu. Að sama skapi hafi V þá ekki fullnægjandi tækifæri, eins og málið liggi fyrir, til að meta hvort að hið meinta slys hafi leitt af atvikum eða aðstæðum sem varðað geta takmörkun á bótaskyldu, t.d. skv. gr. 7.2. og 9. kafla skilmála tryggingarinnar. Eins og málið liggi fyrir sé því óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu vegna hins tilkynnta atviks á þeim grundvelli að það teljist ósannað. Þessu til viðbótar byggir V á því að tilkynning um slysið hafi ekki verið send innan áskilinna tímatakmarkana skilmála tryggingarinnar og laga um

vátryggingarsamninga. Í grein 4.3.5 í skilmála tryggingarinnar komi fram: „*Tilkynna skal SOS INTERNATIONAL svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi vátryggðs á ferðalagi erlendis.*“ Bendir V á að í málinu liggi engin gögn fyrir sem sýni fram á að M hafi verið í samskiptum við SOS INTERNATIONAL vegna hins meinta slyss. Engin samtímagögn liggi fyrir eða gögn er staðfesti sjúkrahúsvist. Þá komi eftirfarandi fram í 8. kafla tryggingarinnar (Almenn ákvæði), þ.e í gr. 8.1.: „*Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið. Vátryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem félagið kann að krefjast til sönnunar kröfu.*“ Telur V að M hafi ekki sinnt skyldum sínum að tilkynna hið meinta slys til SOS og V eða til að sanna þá kröfu sem hann kann að eiga á V vegna slyssins, þ.m.t. um orsakatengsl hins tilkynnta atburðar og meintra afleiðinga eða umfang þeirra og að þær uppfylli lágmark tryggingarinnar um greiðslu bóta vegna læknisfræðilegrar örorku. Þá vísar V til 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um frest til að tilkynna um vátryggingaratburð, en V telur að sá frestur hafi verið liðinn er tilkynning, dags. 13. júní 2025, barst enda hafi þá verið liðnir 32 mánuðir frá slysdegi. Um upphaf tímafrestsins vísar V til þess að M hafi verið búinn að fá raunverulega vitneskju um þau atvik sem hann reisir kröfu sína á þann 4. janúar 2023, þegar hann leitar á HAK Heilsugæslu og lýsir því að hafa fengið höfuðhögg í Þýskalandi í september og eftir það haft svima, höfuðverk, sjóntruflanir og yfirliðstílfíningu. Þá er því hafnað að V hafi glatað rétti til að bera fyrir sig að tilkynningarfrestur vegna atviksins hafi verið liðinn. Telur V fráleitt að halda því fram að sú afstaða hafi ekki verið send án ástæðulauss dráttar eftir að V hafði raunverulega vitneskju um þau atvik sem lágu til grundvallar. Hvað varðar afleiðingar hins meinta slyss og sönnun þeirra bendir V á að M beri að leggja fram á eigin kostnað þau gögn sem nauðsynleg eru til að hægt sé að taka afstöðu til bótaskyldu. Eigi það einnig við um sönnun um umfang tjóns, þ.e. álitserð læknis á varanlegri læknisfræðilegri örorku og þeim atriðum sem hefðbundið er að til mats komi í slíkum álitserðum. Telur V að M hafi ekki tekist að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum vegna höfuðhöggs í München þann 24. september 2022. Í skilmála tryggingarinnar komi fram í grein 4.2.3 að bætur vegna töluliða 4.1.1. og 4.1.3. greiðist því aðeins að slysið leiði til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi. Hafi M sönnunarbyrði um að gildissvið umræddrar vátryggingar nái til tjóns hans. M hafi ekki lagt fram gögn sem sýni fram á að umrætt atvik hafi leitt til varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi. Í því sambandi bendir V á að í læknisskoðun vegna endurnýjunar skotvopnaleyfis þann 1. febrúar 2024 komi fram að M kveðst hafa farið í aðgerð á höfði á árinu 2023 en hafi náð sér og kvartar ekki undan einkennum. M minnst svo næst á atvikið hjá heimilislækni 20. maí 2025 og í kjölfarið sé slysið tilkynnt til V, þar sem heimilislæknir hafi talið að rekja mætti einkenni til höfuðhöggs á árinu 2022. Í gögnum málsins komi fram upplýsingar frá heimilislækni M í skilaboðum dags. 6. júní 2025, á þann veg að M hafi verið vísað til taugalæknis til að meta „m.t.t. post concussion syndrome (eftirstöðvar af heilahristing). Telur V að ekki verði annað séð en að það sé óstaðfest að hið meinta höfuðhögg hafi getað valdið þeim einkennum sem M kveðst búa við í dag, sem hann kveðst þó hafa verið búinn að ná sér af í viðtali hjá heimilislækni 1. febrúar 2024. Sé þetta jafnframt í ósamræmi við það sem virðist haldið fram af M, þ.e. að orsakatengsl milli hins meinta höfuðhöggs og heilablæðingar sem og þeirra afleiðinga sem M býr við í dag hafi verið staðfest. Bendir V á að M beri sönnunarbyrði fyrir því að hinn meinti tjónsatburður hafi átt sér stað og að hann uppfylli skilyrði og skilmála tryggingarinnar. Telur V að þegar litið er til þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir í málinu, verði M að bera hallann af þeim vafa sem fyrir liggur. Þá sé nokkuð ósamræmi í gögnum málsins um afleiðingar hins meinta höfuðhöggs.

Í viðbótarathugasemdum M, er m.a. tekið fram að í umboði til lögmanns og fulltrúa M sé tekið fram berum orðum að það sé veitt í tilefni hvers konar tjóns sem M varð fyrir vegna heilablæðingar og veikinda í framhaldi. Heilablæðing M sé bein afleiðing höfuðhöggsins þann 24. september 2022, og taki umboðið því augljóslega einnig til þess tjónsatburðar og allra afleiðinga hans. Enginn vafi leiki á því að lögmaður kæranda og fulltrúar hans hafi gilt umboð í máli þessu. Hvað varðar tilkynningafrestinn og vitneskju M er ítrekað að M hafi fyrst fengið raunverulega vitneskju um varanlegar afleiðingar slyssins og orsakatengsl þeirra við höfuðhöggið, í maí 2025, þegar heimilislæknir gaf honum þær upplýsingar og að hann teldi yfirgnæfandi líkur á því. Fram að þeim tíma hafði M hvorki fengið slíka læknisfræðilega staðfestingu né haft tilefni til að ætla að einkenni hans yrðu varanleg eða bótaskyld samkvæmt vátryggingarskilmálum. Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga hefjist tilkynningarfrestur ekki fyrr en vátryggður hafi fengið vitneskju um þau atvik sem krafa er reist á. Tilkynning M í júní 2025 hafi því verið innan lögbundins frests. M mótmælir því að hinn tilkynnti slysaatburður sé ósannaður. Er í því sambandi m.a. vísað til framlagðs læknabréfs frá Þýskalandi sem varpi frekara ljósi á tjónið. Telur M því liggja fyrir að hann hafi hlotið höfuðhögg

erlendis, leitað lækniáðstoðar í kjölfarið og fengið síðar heilablæðingu með viðvarandi einkennum. Orsakatengsl milli höfuðhöggsins og afleiðinganna hafa verið talin yfirgnæfandi líkleg af heimilislækni. Þá sé unnið að öflun frekari gagna, þar á meðal frá því sjúkrahúsinu í München, ferðagagna, kvittana og annarra gagna sem staðfesta dvöl og atvik. Þessi gögn verði lögð fram um leið og þau liggi fyrir. Telur M að ekki séu forsendur til að synja bótaskyldu með vísan í skort á gögnum einum saman, þegar fyrir liggi trúverðug og samræmd frásögn M, læknisfræðileg gögn sem styðji orsakatengsl, og ekkert bendi til annars orsakabáttar. Beri í þessu sambandi að líta til almennra reglna vátryggingaréttar um sönnunarmat og vernd vátryggðs. Þá færir M frekari rök fyrir því að V hafi vegna tómlætis glatað rétti til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun. Hvað varði læknisvottorð vegna skotvopnaleyfis bendir M á að það hafi allt annan tilgang en mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku. Við slíkt mat sé fyrst og fremst horft til þess hvort umsækjandi hafi næga færni og heilsu til að meðhöndla skotvopn með öruggum hætti, en ekki til heildstæðra afleiðinga slyss í vátryggingaréttarlegum skilningi. M hafi jafnframt haft ríka hagsmuni af því að geta áfram stundað umrætt áhugamál og kunni því að hafa dregið úr eða vanmetið einkenni sín við það tilefni. M telur sig því með vísan til framangreinds hafa sannað að hann hafi lent í umræddu slysi, að tilkynning um það hafi borist til V innan frests og að skilyrði bótaskyldu samkvæmt vátryggingarskilmálum séu uppfyllt. M gerir því þá kröfu að viðurkenndur verði bótaréttur úr tryggingunni hjá V vegna slyssins 24. september 2022 og afleiðinga þess. Tekið er fram að krafan snúi að öllum áður nefndum atriðum, að undanskildu mati á varanlegri örorku sem hafi ekki farið fram.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um það hvort M eigi bótarétt úr ferðatryggingu hjá V vegna afleiðinga meints slyss sem M segist hafa orðið fyrir 24. september 2022. Það er M að sanna að hann eigi bótarétt úr tryggingunni, þar með talið að hann hafi orðið fyrir slysi í umrætt sinn og að orsakatengsl séu á milli þess slyss og þeirra heilsufarslegu afleiðinga sem hann vill tengja við það. Í 3. gr. þeirra skilmála sem giltu um umræddra tryggingu er að finna eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu slys: „„Slys“ merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur líkamsmeiðslum á vátryggðum og gerist án vilja hans.“ Gögn málsins eru mjög fátækleg þegar kemur að lýsingu á hinu meinta slysi. Í læknaþréfi frá bráðamóttöku í Þýskalandi, kemur m.a. fram í íslenskri þýðingu, að M hafi komið þangað 24. september 2022. Er haft eftir M að eftir heimsókn á októberfest og neyslu á 4-5 bjórum hafi hann hugsanlega fengið högg á hnakkann, því hann muni ekkert. Í upplýsingum um rannsókn segir að tilefnið hafi verið höfuðáverki á hnakkasvæði, minnisleysi, möguleg líkamsárás. Einnig er tekið fram að ekki séu einkenni um heilahristing. Auk framangreinds kemur fram í læknaþréfinu að eftir að áfengisáhrif dvínuðu á bráðamóttöku hafi M verið fær um að ganga og standa sjálfstætt.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, m.a. vegna upplýsingaskorts um hið meinta tjónsatvik og grundvelli þess sem fram kemur framangreindu læknaþréfi, að M hafi ekki tekist að sanna að hann hafi orðið fyrir slysi í skilningi skilmála tryggingarinnar. M á því ekki bótarétt úr tryggingunni. Því telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um aðrar þær málástæður sem M byggir málatilbúnað sinn á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ferðatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir